

| Þjónustustig | Heiti úrræðis                                | Stutt lýsing á starfssemi  | Vefsíða   | Hvaðan og á hvers vegum er þjónustuan eða úrræðið?   | Samstarfsverkefni |
|--------------|--|--|---|--|-------------------|
| 3            | Barnavernd Reykjavíkur                       | Barnavernd Reykjavíkur aðstoðar börn og foreldra í alvarlegum vanda við að tryggja velferð og öryggi barna til framtíðar með fjölbreyttri ráðgjöf, stuðningi og faglegum lausnum.  | <a href="#">Barnavernd</a>                            | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd                    |                   |
| 3            | Fjölskylduheimili á vegum BR                 | Fjölskylduheimili eru fyrir ungmenni 13 til 20 ára sem hafa ekki fengið varanlegt fósturheimili en eru í þörf fyrir það eða hafa verið á fósturheimili en geta ekki búið þar lengur vegna erfiðleika. Á fjölskylduheimilum fá börn einstaklingsmiðaða umönnun og uppeldi. Yfirleitt búa börn á heimilinu í 1 til 4 ár en stundum til skemmri tíma.   | <a href="#">Heimili á vegum BR</a>                    | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd                    |                   |
| 3            | Fósturheimili á vegum BR                     | Fóstur á vegum BR getur verið þrennskonar: Tímabundið fóstur, varanlegt fóstur eða styrkt fóstur.  | <a href="#">Fóstur á vegum BR</a>                     | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd                    |                   |
| 3            | Fósturráðstöfun                              | Um fóstur er ræða þegar barnaverndarnefnd felur fósturforeldrum forsjá eða umsjá barns. Þær fósturráðstafanir sem um er að ræða eru tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur.  | <a href="#">Fósturráðstöfun</a>                       | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd                    |                   |
| 3            | Heimili fyrir langveik og fötluð börn        | Reykjavíkurborg rekur tvö heimili fyrir fötluð börn sem þurfa umfangsmikla aðgæslu og/eða umönnun allan sólarhringinn. Börnin eru á forsjá og framfæri foreldra og eiga lögheimili hjá þeim.   | <a href="#">Heimili fyrir langveik og fötluð börn</a> | Úrræði sem tengjast málefnum fatlaðra, T.d. úrræði í málefnum barna, stuðningsfjölskyldur, liðveisla ofl. , Ýmis búsetuúrræði, NPA ofl., Námskeið, helgardvalir, sumardvalir |                   |
| 3            | Klettabær                                    | Einkarekin sérhæfð þjónusta fyrir börn og ungmenni með margþættan vanda. Á vegum Klettabæjar er þjónustumiðstöð, búsetuúrræði, hvíldardvöl og náms- og starfssetur. Reykjavíkurborg greiðir fyrir þjónustu fyrir börn með fjölþættan vanda og fjölskyldur þeirra.  | <a href="#">Klettabær</a>                             | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd                    |                   |
| 3            | Kletturinn - skammtímaheimili fyrir unglunga | Skammtímaheimili fyrir ungmenni á aldrinum 13 til 18 ára sem af einhverjum ástæðum geta ekki búið heima (t.d. hegðunarvandi, erfiðleikar heima og fl.). Vistun á vegum Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur sem hugsuð er til skamms tíma (12 vikur).  | <a href="#">Kletturinn</a>                            | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd                    |                   |
| 3            | Meðferðarheimili                             | Barna- og fjölskyldustofa rekur þrjú meðferðarheimili fyrir ungmenni. <b>Stuðlar</b> meðferðarstöð ríkisins er fyrir börn og unglunga frá 12 til 18 ára og skiptist í þrjár deildir, neyðarvistun Stuðla, meðferðardeild Stuðla og stuðningsheimilið Fannafof. Meðferðarheimilið <b>Lækjarbakki</b> er langtíma meðferðarheimili og meðferðarheimilið <b>Bjargey</b> er langtíma meðferðarheimili ætlað stúlkum og kynsegin. | <a href="#">Meðferðarheimili</a>                      | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd                    |                   |
| 3            | MST fjölkerfameðferð                         | Meðferðarúrræði á vegum Barna- og fjölskyldustofu fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12-18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda. Meðferðin felst í að auka færni foreldra til að takast á við vanda barna sinna. Hegðunarvandi barnanna birtist í afskiptum lögreglu, erfiðleikum í skóla, ofbeldi og vímuefnanotkun. Sótt er um úrræðið í gegnum barnavernd.  | <a href="#">MST fjölkerfameðferð</a>                  | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd                    |                   |

|   |   |  |  |   |  |
|---|---|--|--|---|--|
| 3 | <b>Ráðgjafar- og greiningarstöð</b>                                       | Ráðgjafar- og greiningarstöð er miðlæg þjónusta- og þekkingarmiðstöð sem starfar á þverfaglegum grunni og sinnir börnum að 18 ára aldri hvar sem þau búa á landinu. Hlutverk hennar er meðal annars að annast greiningu og ráðgjöf vegna barna með víðtækar þroskaskerðingar, sinna fræðilegum rannsóknnum á þessu sviði og veita börnum með óvenjuflóknar eða sjaldgæfar fatlanir langtímaeftirfylgd. Öflun og miðlun þekkingar um fatlanir og þroskaskerðingar og fræðsla um helstu íhlutunarleiðir er enn fremur meðal hlutverka stofnunarinnar. Ráðgjafar- og greiningarstöð er með reglulegar fræðslur og námskeið ætluðum aðstandendum fatlaðra barna. | <a href="#">Ráðgjafar- og greiningarstöð</a> | Heilbrigðisþjónusta   |  |
| 3 | <b>Sérfræðingateymi vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir</b> | Sveitarfélög geta óskað eftir ráðgjöf teymisins með því að fylla út beiðni um ráðgjöf sérfræðingateymis og senda ásamt fylgigögnum í pósti til Barna- og fjölskyldustofu eða í gegnum Signet Transfer.   | <a href="#">Sérfræðingateymi</a>             | Önnur þjónusta við barnafjölskyldur - Lögregla (eftirlit, forvarnir, námskeið, fræðsla, samstarf við aðra), Sýslumaður (afgreiðsla og vinnsla í sífjamálum, samstarf við aðra, starf á vegum einkaaðila, Farsældarlög |  |
| 3 | <b>SkaHm</b>  | Þjónustúrræði fyrir börn og ungmenni sem eru með fjölþættan vanda og fjölskyldur þeirra. Þjónusta er veitt á heimili barnsins og/eða í forni tímabundinna dvala í SkaHm. Sótt er um í úrræðið hjá ráðgjafa á miðstöð.  | <a href="#">SKaHM</a>                        | Keðjan; foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf og smíðjur, stuðningsfjölskyldur, námskeið og PMTO, Skahm   |  |
| 3 | <b>Skammtímadvalir fyrir börn</b>   | Skammtímadvalir eru hluti af stuðningsþjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Reykjavíkurborg rekur fimm skammtímadvalir fyrir fötluð börn þar sem markmiðið er að veita foreldrum og/eða forsjáraðilum fatlaðra barna skammtímaavistun til að létta álagi á heimilinu. Dvalartími er frá tveim til fjórtán sólarhringa í mánuði. Sótt er um úrræðið hjá ráðgjafa á miðstöð.  | <a href="#">Skammtímadvalir</a>              | Keðjan; foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf og smíðjur, stuðningsfjölskyldur, námskeið og PMTO, Skahm   |  |
| 3 | <b>SÓK - meðferð</b>  | Sók-meðferð er sálfræðiþjónusta fyrir börn vegna óviðeigandi kynhegðunar. Úrræðið er á vegum Barna- og fjölskyldustofu.  | <a href="#">SÓK meðferð</a>                  | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd   |  |
| 3 | <b>Vinakot</b>  | Einkarekin sérhæfð þjónusta fyrir börn og ungmenni með margþættan vanda. Reykjavíkurborg kaupir þjónustu fyrir börn með fjölþættan vanda og fjölskyldur þeirra. Sótt er um úrræðið hjá ráðgjafa á miðstöð.   | <a href="#">www.vinakot.is</a>               | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd   |  |
| 3 | <b>Vinasetrið</b>   | Heimili og vettvangur fyrir börn sem þurfa á stuðningsfjölskyldum að halda að mati miðstöðva og foreldra. Heimilinu er ætlað að vera athvarf og hvíldarstaður þar sem hvert barn getur notið sín og fengið þá nánd og aðhlyningu sem er nauðsynlegt þroska þess og aðstæðum. Sótt er um úrræðið hjá ráðgjafa á miðstöð.  | <a href="#">www.vinasetrid.is</a>            | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd   |  |
| 3 | <b>Vistheimili á vegum BR</b>   | Vistheimilin <b>Mánaberg</b> og <b>Hraunberg</b> eru fyrir börn sem geta af ýmsum ástæðum ekki dvalið heima og þurfa því annað tímabundið heimili. Á heimilunum búa börnin við öruggar aðstæður í skemmri tíma. Foreldrar og börn fá stuðning samhliða dvöl barnsins á vistheimili og foreldrum getur verið boðið að verja þar tíma með barni sínu. Þá er unnið markvisst að því að hjálpa fjölskyldunni við samskipti og foreldrar fá þjálfun og stuðning við að mæta þörfum barna sinna  | <a href="#">Heimili á vegum BR</a>           | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd   |  |

|   |                   |   |                            |   |  |
|---|-------------------|---|----------------------------|---|--|
| 3 | <b>Vopnabúrið</b> | Vopnabúrið var sett á fót í byrjun árs 2021 sem úrræði fyrir fjölskyldur, börn og ungmenni sem glíma við fjölþættan vanda. Foreldrar geta sótt um úrræðið og greiða þá fyrir það sjálfir. Einnig er möguleiki á að Reykjavíkurborg greiði fyrir úrræðið eftir mat fagaðila á miðstöð á aðstæðum viðkomandi barns. | <a href="#">Vopnabúrið</a> | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd |  |
|---|-------------------|---|----------------------------|---|--|